
221. Oddný G. Harðardóttir (Innlæg)

Forseti. Kæru norrænu vinir. Þegar Norðurlönd tala einni röddu geta þau haft mikil áhrif og oft ráðið úrslitum. Norðurlönd og norræna líkanið er í miklu álit og það má og það á að hagnýta til að auka áhrif og forystu norrænu landanna enn frekar í alþjóðlegu tilliti. Um tólf milljónir manna í Bandaríkjunum og Kanada skilgreina sig sem norrænnar ættar og í því felast geysimikil tækifæri á mörgum sviðum til samstarfs og aukinna norrænna áhrifa í Norður-Ameríku. Við þurfum hnitmiðaðri aðgerðir til að ná sem bestum árangri í þeirri viðleitni og þess vegna yrði ég ánægð með ef þingfundurinn styður einróma tillöguna um að ráðast í stefnumótandi úttekt á sóknarfærum Norðurlanda í Norður-Ameríku. Úttektin á að fela í sér bein tilmæli til ríkisstjórna Norðurlanda og norrænu ráðherranefndarinnar. Tillaga forsætisnefndar er að úttektin nái til atvinnulífsins, ferðamanna og menningargeirans og samstarfs um menningarmál og rannsóknir. Norræna vörumerkið, eða Nordic Branding, og sameiginlegt kynningarstarf vega einnig þungt. Við erum þeirrar skoðunar að aukið og markvisst samstarf milli norrænu sendiráðanna og sendiskrifstofanna, annars vegar í Bandaríkjunum og hins vegar í Kanada, hafi mikið að segja fyrir kynningu á Norðurlöndunum. Sama á við um öll þau félög, stofnanir og áætlanir sem á ýmsan hátt tengjast samstarfi Norður-Ameríku og norrænu landanna. Stefnumótandi úttekt með skýrt tilgreindum tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda og norrænu ráðherranefndarinnar, um samstarf við Norður-Ameríku, mun geta stuðlað að enn skilvirkari verkefnum og eflingu á því góða starfi sem þegar er unnið.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Kära nordiska vänner. När de nordiska länderna talar med

en röst kan de ha ett stort och ofta avgörande inflytande. De nordiska länderna och den nordiska modellen har hög status och detta kan och bör omsättas till ett ännu större nordiskt inflytande och ledarskap i det globala samarbetet. Det bor 12 miljoner personer i USA och Kanada som definierar sig som nordiskättade och det är en enorm potential som kan utnyttjas på många olika sätt för ökat samarbete och större nordiskt inflytande i Nordamerika. Det behövs mer målinriktade insatser för att uppnå bästa möjliga resultat i detta avseende och jag skulle därför bli mycket nöjd om sessionen enhälligt godkänner förslaget om att genomföra en strategisk analys av Nordens potential i Nordamerika. Analysen ska åtföljas av en konkret rekommendation till de nordiska ländernas regeringar och Nordiska ministerrådet. Presidiet föreslår att analysen ska omfatta näringsliv, turism och kultur samt utbildnings- och forskningssamarbete. Andra viktiga teman är *Nordic Branding*, d.v.s. marknadsföringen av Norden, och ett gemensamt profileringsarbete. Vi anser att ett ökat och mer målinriktat samarbete mellan de nordiska ambassaderna/utlandsmyndigheterna i USA och Kanada är mycket viktigt för profileringen av Norden. Samma gäller alla de föreningar, institutioner och program som har olika typer av koppling till samarbetet mellan Nordamerika och de nordiska länderna. En strategisk analys med en konkret rekommendation till de nordiska ländernas regeringar och Nordiska ministerrådet om samarbetet med Nordamerika skulle kunna bidra till mer effektiva åtgärder och en ytterligare förstärkning av det goda arbete som redan finns.

Upplýsingar

Ræðunúmer

221

Gerð

Innlæg

Notandi

[Oddný G. Harðardóttir](#)

Speaker role

Præsidiets talsperson

Dagsetning

31.10.18 16:15

Mál

[Medlemsforslag om øget nordisk samarbejde i Nordamerika](#)

